

Aðeins örfá frumþrykk af Kenjunum eftir einn helsta myndlistarmann 18. aldar, Spánverjann Francisco de Goya, eru til í heiminum, en þau telja áttatíu myndir og voru gerð árið 1799. Svartlistasafn Spánar í Madrid varðveitir allar upprunalegu koparplöturnar og í dag verður opnuð sýning á þrykkjum Goya sjálfs í Listasafninu á Akureyri. Í þessari grein er fjallað um verkin.

Segja má að saga nútíma svartlistar á Spáni eigi sér upphaf með grafíkverkum Francisco de Goya (1746–1828). Ekki er fjarri lagi að fullyrðing þessi geti átt við um Evrópu alla og jafnvel mætti halda því fram að saga nútíma grafíklistar hefjist með Goya.

Verk Goya eru grundvallarviðmið fyrir fagurfræði og listrænt næmi okkar tíma. Hann var uppi á tímum gífurlegra breytinga á gömlu stjórnmála- og þjóðfélagskerfi sem höfðu viðtæk áhrif á hugsun manna, menningu og listir. Sögulegir atburðir sem hann varð vitni að á langri ævi, ásamt ýmsum vandamálum í lífi hans sjálfs sem rekja má til endurtekinnna átakamímbila, endurspegluðust í listrænni þróun verka hans. Allt frá arfi fyrirmyndanna úr ítölsku barokklistinni, gegnum franskan gullaldarstíl og fagurfræðikenningar Mengs, þróast list hans að öðrum leiðum sem einkennast af því að sagt er skilið við staðlaða gullaldarhefðina og leitað á vit nýrra tjáningarforma til að auka frjálsræði í sköpun listamannsins.

Grafíkverk Goya eru meðal merkustu atburða í svartlistasögu heimsins.

Frumleiki hans hefur áhrif á tungumál fagurfræðinnar, á myndbyggingu, á tækni og aðferðir svartlistarinnar og á táknoðana. Tækniþróuninni í grafíkverkum Goya fleygir stöðugt fram. Hann náði einstöku valdi á verkfærunum og á því að samnýta ólíkar aðferðir á fullkominn hátt.

Ætingu lína og flata, litaböðum, þurrnál, meitli, sköfu, slípi... öllu er þessu beitt í því skyni að ná fram myndrænum áhrifum. Úr verður stórbrotið myndmál sem erfitt er að líkja eftir, með ívafi sterkrar birtu og myrkra skugga. Ljósíð og skuggarnir skapa heild sem þrúngin er dramatískri spennu og sterkrri tjáningu. Birtuna, af óræðum uppruna, notar Goya til að draga athygli áhorfandans að þeim hlutum myndarinnar sem hafa mest vægi og innatak. Birtan verður þessum fulltrúa upplýsingarstefnum í raun að myndlíkingu þekkingarinnar.

Fyrir utan tæknileg afrek sín er mesta framlag Goya til sögu svartlistarinnar að hafa kunnað að nýta þá möguleika sem honum buðust og vera þannig brautryðjandi samtíma svartlistartækni og nútíma fagurfræðilegrar hugsunar. Hann nýtti sér myndþrykkið til að tjá hugarheim sinn, áhyggjur og efasemdir um þjóðfélagið sem hann lifði og hrærðist í. Málristur Goya eru sjónrænn vitnisburður listamanns sem spyr sjálfan sig spurninga um mannlegt eðli og sögulegt ferli og skapar í koparstungum sínum flókna heild úr ólíkum þáttum hinna tveggja stiga verundarinnar; baksviðinu hið innra og heimi hins hlutlæga raunveruleika.


Myndröðin Caprichos, þekktasta myndröðin, var auglýst í Diario de Madrid hinn 6. febrúar 1799. Þessar áttatíu koparstungur eru grundvallarheimild bæði til að kynna sköpunarferlinu í grafíkverkum Goya og spænsku samfélagi í lok 18. aldar af sjónarhóli upplýsingarstefnunnar.

Fyrir menningu Vesturlanda eru Kenjarnar (Los Caprichos) eftir Goya dæmi um heim í kræppu, í deiglu mikilla breytinga. Inntak myndanna leiðir í ljós brestina í félags- og stjórnmálakerfi sem grundvallast á stírönuðu stéttaskipulagi og gildiskerfi sem reist er á óbreytanlegum siðvenjum og harðri trúarlegri samviskukúgun. Fagurfræðilega eru myndirnar boðberar nútímalegrar skynjunar og nálgunar við list sem er mörkuð af huglægðni. Sé litið á ævi Goya koma Kenjarnar fram á einum mikilvægasta áratug á lífsferli og í listsköpun hans. Það er þess vegna sem kynslóðir rithöfundar, lista- og menntamanna síðustu tvær aldirnar hafa ekki getað slitið sig frá táknrænni merkingu þeirra – tákni um endalok gamla stjórnskipulagsins, breytingu á smekk manna, frá klassískri fagurfræði til rómantík, og þau straumhvörf sem áttu sér stað í ævi og list þessa skapara á alheimsvísu.

Röð atburða stuðlaði að sköpun Kenjanna. Hún einkenndist fyrst og fremst af því að Goya gerðist æ fráhrifari staðlaðri listsköpun og hneigðist æ meir að nýsköpun. Þessi nýja sýn á listina tengist svo atburðum í lífi hans. Alvarleg veikindi tóku að hrjá hann, hann stofnaði til náinna kynna við hertogafrúna af Alba og hann var í vinatengslum við hóp virtra menntamanna, einkum rithöfundinn Leandro Fernández de Moratín. Árið 1792 semur Goya skýrslu til Konunglegru listaakademíunnar í



„Parna fer það.“



„Ef vitið sofnar vakna ófreskjur.“

KENJAR FRANCISCO DE GOYA

EFTIR JAVIER BLAS

Madrid þar sem hann setur fram hugmyndir sínar um kennsluáferðir og leggur til atlögu við grundvallarreglur nýklassisismans, arfleifð málarsins Antons Rafael Mengs. Ári síðar veiktist Goya alvarlega. Afleiðingar veikindanna eru verulegur heyrnarmissir. Meðan hann er að ná sér dvelst hann sér til hressingar nærri Cádiz, á sveitasetri vinar síns, Sebastián Martínez, listunanda sem safnar bókum, málverkum og svartlistarverkum. Heyrnardeyfan veldur því augljóslega að hann fjarlægist hinn ytra heim og hneigist greinilega til aukinnar sjálfskoðunar. Sé litið til listsköpunar Goya stuðla þessar aðstæður að því að hann snýr sér markvisst að teikningu og svartlist sem falla einkar vel að þörf hans á þeim tíma fyrir að skapa sér fjarlægð. Í bréfi sem skrifað er 1794 til skáldsins og dæmisagnahöfundarins Tomás de Iriarte nefnir listamaðurinn við hann áhuga sinn á myndverkum þar sem hann geti frjálst og óháð nýtt sér „kenjar og hugvit“.

Annar viðburður sem einnig olli straumhvörfum í lífi hans átti sér stað sumarið 1796 meðan hann dvaldist í höll hertogafrúarinnar af Alba í Sanlúcar de Barrameda, við mýrlendið og flæðiengin í grennd við fljótið Guadalquivir. Í hlýju og munaðarlegu umhverfi Andalúsíu þarna við strendur Atlantshafsins, í fylgd hertogafrúarinnar og ungra hirðmeysja hennar, setur Goya á blað fjölda teikninga sem lýsa andrúmslofti þrúngnu ástleitni og munúð. Þannig verður til bókinn þekkt, Albúm de Sanlúcar. Eftir ævintýrið í höllinni við Doñana-flæðiengin hleypur snurða á þráðinn milli hans og hertogafrúarinnar. Í lok ársins 1796 er hann í Cádiz, veiktist enn á ný en byrjar þar nýja teikningabók, Albúm de Madrid, þar sem eru myndir með augljóslega gagnrýnu innihaldi og þar er talsvert um háðskar skopmyndir sem taldar eru endurspeglar þá bólsýni sem var að búa um sig í þungum huga listamannsins. Í báðum þessum teikningabókum er að finna drög að hugmyndum að Kenjunum. Þeg-

ar hann er að vinna fyrstu plöturnar í myndröðinni, í kringum 1797, hefur hann mikil samskipti við Fernández de Moratín, sem þá er nýkominn frá London, og ætla má að þeir beri saman bækur sínar um bresku stjórnmála-skopmyndirnar.

Allir þessir þættir hafa sín áhrif á rammann um sköpun Kenjanna, þar sem saman koma fagurfræðilegar hugmyndir sóttar út fyrir hið venjubundna, veikindin, vonbrigði í ástum og áhrif skoðana hans upplýsta minnihluta. Þar af leiðandi þurfti Goya að gera myndröð úr koparstungum sem gæfi margbreytileg svör við nýnæmum skilningi hans á listinni, vaxandi einangrun hans, vantrausti á manninum og þjóðfélagslegum áhyggjum hans, runnum af rötum upplýsingarinnar. Rétt er að viðurkenna skuld Goya við upplýsingarsinna og endurbótahug þeirra í lok átjándu aldarinnar, enda þótt mikil kreppa, bæði líkamleg og tilfinningaleg, hefði áhrif á rökræn viðhorf hans. Framsetning listamannsins sem heimspekings hefur skipt afar miklu fyrir viðhorf gagnrýnenda til Kenjanna. Í raun skilja menn myndröðina sem túlkun á þankagangi upplýsingarsinna, hún er gegnsýrð hugmyndafræði og mætti lýsa sem sjónrænni túlkun á hreyfingu sem er í eðli sínu allt í senn heimspekileg, stjórnmálaleg og menningarleg.

Með því að festa í sessi skilgreininguna um listamanninn sem heimspeking er litið á Goya sem málara með víðtækan menningarlegan bakgrunn, enda umgekkst hann suma lærðustu menn sinnar tíðar. Af því leiðir að heimildir sem taldar eru liggja til grundvallar myndmáli koparstunganna eru mjög margar. Sem kjörið dæmi um háðsádeiluhugmyndir átjándu aldar hafa Kenjarnar verið tengdar spænskum bókmenntum, evrópskum skop-teikningum sem og listhefðum og tungutaki alþýðunnar. Goya kann þannig að hafa haft í huga mismunandi háðsádeiluhæfir, sumar af menningarlegri toga, aðrar alþýðlegar, allt frá skrifum hinna upplýstu vina sinna til þeirra

dæma sem finna mátti í vísnum og viðlögum, málsháttum, þjóðlegum hátíðum og alþýðlegum leiksförum, auk aðlagaðra táknrænna heimilda og háðsádeilumynda innfluttra frá öðrum hlutum Evrópu.

Að því er varðar efnislega niðurröðun Kenjanna, er um að ræða ferli, framvindu frá alþýðlegu myndunum og þeim sem lýsa yfir-stéttaradæmi yfir í gróteskar sýnir norna og þúka. Áherslupunkturinn, þar sem umskiptin verða, er einmitt í myndinni Ef vitið sofnar vakna ófreskjur. Það að þessi mynd sé höfð sem eins konar innri forsíða bendir til tvískiptingar innan verksins; fyrri hlutinn samanstendur af háðsádeilusem þar sem for-dæmdir eru lestir og ófgar spænsks þjóðfélags við lok átjándu aldar – hagsmunahjónabönd, smjauður, vændi, menntunarskortur, ónyttj-ungsháttur forrétindastéttanna – en honum lýkur með asnastríka-röðinni og við tekur ægi-vald hins óraunverulega umhverfis svefnis og nætur þar sem allt hverfist um nornir, þúka og djöfla er dvelja í myrkraheimum.

Textarnir sem fylgja Kenjunum eru afar áhugaverðir þættir verksins.

Varðveist hefur fram á okkar dag talsverður fjöldi athugasemda og ýmissa texta, þar á meðal myndatextar og skrifaðar athugasemdir um margar frumteikningar, titlar eða heiti sem grafin eru á myndplötunum, áritanir skráðar á ýmis drög fyrir prentun, tvær auglýsingar um sölu myndraðarinnar og nærri tuttugu handskrifaðar athugasemdir. Ein umdeildasta spurningin er enn sem fyrr hverjum þessir textar verði eignaðir. Þetta skiptir miklu, meðal annars vegna þess að túlkun hinna duldu skilaboða Kenjanna hefur samkvæmt hefðinni verið grundvöllur á innihaldi myndatextanna, auglýsingarinnar og handskrifaðra athugasemdana. Frá aðferðafræðilegu sjónarmiði gæti verið réttlæt看legt að treysta textunum fyllilega og byggja skilning á hinna dýpri merkingu myndanna á þeim, ef Goya væri höfundur þeirra. En á því virðist ekki leika nokkur vafi að altént einn maður annar en Goya sjálfur eigi þar hlut að máli og reyndar hefur verið talið að bæði auglýsingin um söluina sem og sumar þekktustu handskrifuðu athugasemdirnar séu eftir Leandro Fernández de Moratín.

Handskrifuðu textarnir eða athugasemdirnar eru hefðbundið tæki til túlkunar á koparstungunum. Þekktastir þeirra eru textarnir sem geymdir eru í Prado-safninu og í Þjóðarbókhöðunni (Biblioteca Nacional) í Madrid sem og sá texti sem tilheyrði leikskáldinu López de Ayal, sem Viñaza greiði kom á framfæri árið 1887 og nú er ekki vitað hvar er að finna.

Á grundvelli þessara texta voru gerð fjölmörg afrit sem falla innan skýrt afmarkaðra ramma. Textar Ayal og Þjóðarbókhöðunnar hallast að því að gera grein fyrir einstaklingunum að baki þeim persónum sem Goya dregur upp og tengja þær raunverulegum sögulegum persónum sem uppi voru á sama tíma og listamaðurinn. Texti Prado-safnsins er ekki eins beinskyttur og róttækur í dæmum sínum og er því engan veginn eins áhættusamur höfundur sínum.

Persónunum eru ekki léð nein kennsl sem færð séu yfir á svið sögunnar, þeim er alltaf haldið innan marka skáldskaparins. Þessi texti er eignaður Goya.

Sölugengi Kenjanna var lítið. Koparplötur áttatíu lét Goya af hendi við konung árið 1803 gegn lífeyri til handa syni sínum og voru þær afhentar sama ár hinu Konunglega svartlistasafni (Real Calcografía) til varðveislu.

Síðan hafa verið gerð fjölmörg þrykk af plötunum. Verðmætust er fyrsta útgáfan, sú eina sem gerð var meðan listamaðurinn var enn á dögum, sem gefin var út 1799. Koparstungur fyrstu útgáfunnar varðveita fyllilega þróttmikla línuna í ættingunni og ríkuleg blæbrigði flataætingarinnar. Vegna safnvarðveislugildis verksins tók Svartlistasafn Spánar (Calcografía Nacional) þá afar skynsamlegu ákvörðun að láta ekki gera fleiri koparstungur eftir plötum Goya.

Vegna forms síns og inntaks Kenjanna, tæknimáls þeirra og hvassrar gagnrýni – vegna þess hve tímalausar þær eru og algildar – eru þær höfuðverk spænskrar svartlistar allra tíma og teljast til þeirra verka sem mest áhrif hafa haft á heimlistasöguna.

Sonja Diego þýddi.

Höfundur er forstöðumaður Svartlistasafns Spánar (Calcografía Nacional).